**ÁHERSLUVERKEFNI höfuðborgarsvæðisins 2021 (til 2024)[1]**
**Tillögur sendar stýrihópi Stjórnarráðsins um byggðamál dags. 08.02.2021 br. 10.03.2021**

# Mótun loftslagsstefnu fyrir höfuðborgarsvæðið.

| **Heiti verkefnisins** | **Mótun loftslagsstefnu fyrir höfuðborgarsvæðið.** |
|---|---|
| **Númer verkefnis[2]** | **001** |
| Markmið | Minnka kolefnisspor höfuðborgarsvæðisins |
| Stutt verkefnalýsing (mikilvægt er að verk- og kostnaðaráætlanir séu gerðar fyrir öll verkefni) | **Verkefnið er tvíþætt**<br>**1. Ráðgjöf við mótun loftslagsstefnu og setningu markmiða**<br>Sveitarfélög höfuðborgarsvæðisins hyggjast stefna að sameiginlegri loftlagsstefnu svo Ísland geti staðið við skuldbindingar Parísarsáttmála 2040.<br>Kolefnisfótspor svæðisins var mælt á árinu 2020 og var hluti af sóknaráætlunarverkefni fyrir árið. Næstu skref er að hefja stefnumótunarvinnu fyrir sameiginlega loftslagsáætlun þar sem leitast verður við að svara eftirfarandi spurningum:<br>1. Hversu mikill samdráttur í útblæstri gróðurhúsalofttegunda þarf að eiga sér stað til að ná fram kolefnishlutleysi á höfuðborgarsvæðinu árið 2040, sér í lagi yfir tímabil sóknaráætlunar?<br>2. Hvernig verður skipting samdráttar milli sveitarfélaga?<br>3. Hvaða aðgerðir standa sveitarfélögunum til boða til að draga úr útblæstri, hvaða aðgerðir eru áhrifaríkastar?<br>4. Hvernig verður fyrirkomulag og umsýsla loftlagsmála á höfuðborgarsvæðinu? Hver fylgist með stöðu mála og framkvæmd stefnunnar? Eru árlegar mælingar á stöðu mála fullnægjandi, eða þarf meira til?<br>Ætlunin er að ráða ráðgjafar með sérfræðiþekkingu á sviði loftlagsmála til að aðstoðað við mótun loftslagsstefnu, sbr. forsendur og spurningar hér að ofan.<br>Kostnaður er áætlaður 10 milljónir.<br>Um 2 milljónir kr.- eru enn óráðstafaðar frá árinu 2020 við framfylgd þessa sóknaráætlunarverkefnis.<br>Stefnt er að því að klára drög að tillögu að loftslagsstefnu fyrir sumarið 2021 og afgreiða drög til kynningar hjá sveitarfélögum til að skapa |

[1] Landshlutunum er í sjálfsvald sett til hvers langs tíma áhersluverkefni ná. Nái þau til lengri tíma en eins árs þá eru settir fram fyrirvarar um samþykkt fjárlaga hvers árs.
[2] Æskilegt er að verkefni beri raðnúmer sem helst óbreytt sé verkefnið framlengt eða að heiti þess breytist. Með því móti verði hægt að rekja feril einstakra verkefna frá ári til árs.

| | |
|---|---|
| | almenna sátt um verkefnið. Í kjölfarið væri hægt að afgreiða tillögu að loftslagsstefnu til afgreiðslu og hefja framkvæmd hennar.<br><br>Hluti ráðgjafavinnu verður að rýna viðurkenndar aðgerðir sem stuðla að minnkun útblástur gróðurhúsalofttegunda, áætla kostnað við framkvæmd þeirra og útdeila ábyrgð.<br><br>**2. Fræðsluerindi um loftslagsmál**<br><br>Verkefnið er hluti af meginháherslu sóknaráætlunar „efla fræðslu um loftslagsmál".<br><br>Ætlun er að halda tvo viðburði um loftslagsmál á árinu 2021, sem er sérstaklega ætlaður kjörnum fulltrúum og starfsfólki sveitarfélaganna. |
| Málaflokkur<br>(tilgreinið málaflokk og undir hvaða ráðuneyti hann heyrir.) | • Losun gróðurhúsalofttegunda: Loftslagsvernd – umhverfis og auðlindaráðuneyti.<br>• Aðgerðaráætlun í loftslagsmálum – umhverfis- og auðlindaráðuneyti. |
| Framkvæmdaaðili | • SSH<br>• Ráðgjafi á sviðið loftslagsmála |
| Samstarfsaðilar | • Sérfræðingar sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu í loftlagsmálum<br>• Samband íslenskra sveitarfélaga.<br>• Umhverfisstofnun |
| Tengsl við sóknaráætlun | • Verkefnið er hluti af framfylgd sóknaráætlunar höfuðborgarsvæðisins 2020 – 2024 og fellur undir meginflokkinn *„umhverfis- og samgöngumál"* og meginmarkmið *„minnka kolefnisfótspor"*. |
| Tengsl við heims-markmið Sameinuðu þjóðanna | 03 – Heilsa og vellíðan<br>07 – Sjálfbær orka<br>09 – Nýsköpun og uppbygging<br>11 – Sjálfbærar borgir og samfélag<br>12 – Ábyrg neysla og framleiðsla<br>13 – Aðgerðir í loftlagsmálum<br>14 – Líf í vatni<br>15 – Líf á landi |
| Árangursmælikvarðar | Árleg mæling á kolefnisfótspori höfuðborgarsvæðisins<br>Lækkun kolefnisfótsport |
| Lokafurð<br>(hver verður lokaafurð verkefnisins, hver verður ávinningur samfélagsins?) | • Loftslagsstefna fyrir höfuðborgarsvæðið<br>• Aðgerðaráætlun fyrir sveitarfélög |
| Upphaf og lok verkefnis | 1. Ráðgjöf við mótun loftslagsstefnu og setningu markmiða<br>Janúar til desember 2021<br><br>2. Tvö fræðsluerindi um loftslagsmál<br>Vor 2021 og haust 2021 |
| Heildarkostnaður<br>(pr. ár á verkefnatíma) | **2021: 8,000,000**<br><br>1. Ráðgjöf við mótun loftslagsstefnu og setningu markmiða<br>7,500,000 kr.<br>2. Tvö fræðsluerindi um loftslagsmál<br>500,000 kr. |

| | |
|---|---|
| Framlag úr sóknaráætlun<br>(árið 2021 og á hverju ári eftir það, ef við á) | 2020: 2.000.000 kr. (óráðastað fjármagn sem verður hagnýtt í verkefnið)<br>2021: 7.000.000 kr. |
| Mótframlag<br>(ef við á) | 2021: 1.000.000 kr. |
| Tengsl við aðrar opinberar áætlanir<br>(ef við á) | • Aðgerðaáætlun í loftslagsmálum 2018 – 2030<br>• Áætlun um loftgæði á Íslandi 2018-2029<br>• Svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins 2040 |

## ÁHERSLUVERKEFNI höfuðborgarsvæðisins 2021 (til 2024)[3]

## Tillögur sendar stýrihópi Stjórnarráðsins um byggðamál dags. 08.02.2021 br. 10.03.2021

# Útivistarsvæði á höfuðborgarsvæðinu

| **Heiti verkefnisins** | **Útivistarsvæði á höfuðborgarsvæðinu** |
|---|---|
| **Númer verkefnis[4]** | **007** |
| Markmið | Auka nýtingu útivistarsvæða á höfuðborgarsvæðinu. |
| Stutt verkefnalýsing<br>(mikilvægt er að verk- og kostnaðaráætlanir séu gerðar fyrir öll verkefni) | Verkefnið er þríþætt:<br>1. Kortleggja útivistarsvæði á höfuðborgarsvæðinu í eitt heildarkort, sem dregur fram helstu starfsemi og þjónustu, t.d. samgöngur og almenningssalerni.<br>2. Yfirsýn útivistarsvæða verði aðgengileg á einum stað.<br>3. Framkvæma mælingar á notkun einstakra svæða, þ.e. hausatalningar.<br>4. Stofna samráðshóp til að tengja saman græna netið á höfuðborgarsvæðinu og rýna innviði og gæði útivistarsvæða |
| Málaflokkur<br>(tilgreinið málaflokk og undir hvaða ráðuneyti hann heyrir.) | Samgöngu í lofti, láði og legi: Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti<br>Sveitarstjórnarmál: Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti<br>Náttúruvernd: Umhverfis- og auðlindaráðuneyti<br>Skipulagsmál: Umhverfis- og auðlindaráðuneyti |
| Framkvæmdaaðili | Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu m. Ráðgjafa og/eða utanaðkomandi verkefnastjóri |
| Samstarfsaðilar | Sérfræðingar sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu í málefnum grænna svæða og samgangna. |
| Tengsl við sóknaráætlun | Verkefnið er hluti af framfylgd sóknaráætlunar höfuðborgarsvæðisins 2020 – 2024 og fellur undir meginflokkinn *„umhverfis- og samgöngumál“* og meginmarkmið „þróun græns skipulags |
| Tengsl við heims-markmið Sameinuðu þjóðanna | 03 – Heilsa og vellíðan<br>09 – Nýsköpun og uppbygging<br>11 – Sjálfbærar borgir og samfélag<br>12 – Ábyrg neysla og framleiðsla<br>13 – Aðgerðir í loftlagsmálum<br>14 – Líf í vatni<br>15 – Líf á landi |
| Árangursmælikvarðar | Talning á notkun útivistarsvæða |
| Lokafurð<br>(hver verður lokaafurð verkefnisins, hver verður ávinningur samfélagsins?) | Yfirsýn yfir útivistarsvæði á höfuðborgarsvæðinu, kort á .pdf og mögulega til útprentunar.<br>Mælingar á notkun útivistarsvæða<br>Rýni á helstu innviðum útivistarsvæða og tillögur að úrbótum |

[3] Landshlutunum er í sjálfsvald sett til hvers langs tíma áhersluverkefni ná. Nái þau til lengri tíma en eins árs þá eru settir fram fyrirvarar um samþykkt fjárlaga hvers árs.
[4] Æskilegt er að verkefni beri raðnúmer sem helst óbreytt sé verkefnið framlengt eða að heiti þess breytist. Með því móti verði hægt að rekja feril einstakra verkefna frá ári til árs.

| | |
|---|---|
| Upphaf og lok verkefnis | Janúar til desember 2021 |
| Heildarkostnaður<br>(pr. ár á verkefnatíma) | **2021: 10,000,000 kr.** |
| Framlag úr sóknaráætlun<br>(árið 2021 og á hverju ári eftir það, ef við á) | **2021: 9,000,000 kr.** |
| Mótframlag<br>(ef við á) | 2021: 1,000,000 |
| Tengsl við aðrar opinberar áætlanir<br>(ef við á) | Verkefnið er hluti af framfylgd svæðisskipulags höfuðborgarsvæðisins 2015 – 2040, sér í lagi leiðarljósi 4 (heilnæmt umhverfi) og aðgerðum þar undir sem fjalla um heildstæða kortlagningu útivistarsvæða, innviða og gerð leiðbeininga um útfærslu þeirra. |

**ÁHERSLUVERKEFNI Höfuðborgarsvæðisins 2021 (til 2024)[5]**
**Tillögur sendar stýrihópi Stjórnarráðsins um byggðamál dags. 08.02.2021 br. 10.03.2021**

## Ratsjáin fyrir ferðaþjónustu á höfuðborgarsvæðinu

| **Heiti verkefnisins** | **Ratsjáin fyrir ferðaþjónustu á höfuðborgarsvæðinu** |
|---|---|
| **Númer verkefnis[6]** | **002** |
| Markmið | Verkefnið gengur fyrst og fremst út á að efla þrjá megin hæfniþætti hjá ferðaþjónustufyrirtækjum á höfuðborgarsvæðinu:<br>- Nýsköpunarhæfni<br>- Sjálfbærnihæfni<br>- Stafræna hæfni |
| Stutt verkefnalýsing (mikilvægt er að verk- og kostnaðaráætlanir séu gerðar fyrir öll verkefni) | Ratsjáin hefur þann tilgang að efla þekkingu og hæfni starfandi ferðaþjónustufyrirtækja og fyrirtækja í tengdum greinum.<br><br>Með aukinni þjálfun og færni er stuðlað að því að fyrirtæki sem þátt taka hverju sinni nái auknum árangri í rekstri, séu betur undirbúin fyrir nýja tíma, séu í betri stöðu til að skila jákvæðri afkomu og fái tækifæri til að spegla sig í rekstri hvors annars.<br><br>Meðal efnisþátta sem verða í boði eru: nýsköpun og vöruþróun, markaðsmál og markhópar, sjálfbærni, umhverfismál og ábyrg ferðaþjónusta, stafræn þróun, samkeppnishæfni og sérstöðugreining, svo dæmi séu tekin.<br><br>Boðið er upp á námskeið og vinnufundi til að ná því fram. |
| Málaflokkur (tilgreinið málaflokk og undir hvaða ráðuneyti hann heyrir.) | Atvinnuþróun, tæknirannsóknir og nýsköpun<br>Atvinnu – og nýsköpunarráðuneytið |
| Framkvæmdaaðili | Íslenski ferðaklasinn |
| Samstarfsaðilar | SSH; Ferðamálasamtök höfuðborgarsvæðisins ofl. |
| Tengsl við sóknaráætlun | Verkefnið er hluti af framfylgd sóknaráætlunar höfuðborgarsvæðisins 2020 – 2024 og fellur undir meginflokkinn „atvinna og nýsköpun" og meginmarkmið „nýsköpun" |
| Tengsl við heims-markmið Sameinuðu þjóðanna | 08 – Góð atvinna og hagvöxtur<br>09 – Nýsköpun og uppbygging<br>11 – Sjálfbærar borgir og samfélög<br>13 – Aðgerðir í loftlagsmálum |
| Árangursmælikvarðar | Ferðaklasinn framkvæmir skoðanakönnun sem mælir viðhorf þátttakenda með námskeið og aðra þjónustu sem er boðið upp á. |

[5] Landshlutunum er í sjálfsvald sett til hvers langs tíma áhersluverkefni ná. Nái þau til lengri tíma en eins árs þá eru settir fram fyrirvarar um samþykkt fjárlaga hvers árs.
[6] Æskilegt er að verkefni beri raðnúmer sem helst óbreytt sé verkefnið framlengt eða að heiti þess breytist. Með því móti verði hægt að rekja feril einstakra verkefna frá ári til árs.

<table>
<tr><td></td><td>Áætlað er að halda 16 fundir í 7 lotum, hver lota fjallar um sértakt málefni eins og rekstur; hönnun; nýsköpun og sjálfbærni.<br><br>Óáþreifanlegt:<br><br>Þátttakendur hafi styrkt tengslamyndun hjá fyrirtækjum innan svæðisins og þátttaka hafi aukið innsýn þátttakenda á rekstur og innviði fyrirtækja<br><br>Þátttaka hafi aukið þekkingu og skilning á möguleikum til nýsköpunar, vaxtar og vöruþróunar innan starfandi fyrirtækja og þekkingu í notkun stafrænnar tækni, samfélags- og netmiðla hafi aukist.<br><br>Fyrirtækin hafi fengið verkfæri til að innleiða heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna með markvissum hætti inní kjarnastarfsemi þeirra</td></tr>
<tr><td>Lokafurð<br>(hver verður lokaafurð verkefnisins, hver verður ávinningur samfélagsins?)</td><td>Fyrirlestrar, glærukynningar, skoðanakönnun (sjá einnig umfjöllun í árangursmælikvarða)<br><br>Óáþreifanlegt:<br><br>Gæði, fagmennska og samfélagsleg ábyrgð sé orðinn hluti af stefnumótunarferli fyrirtækjanna og og þau hafi innleitt meginþætti ábyrgar ferðaþjónustu sem gengur útá að sýna ábyrgð gagnvart nærumhverfi, starfsmönnum, öryggi og heilsu viðskiptavina<br><br>Að sýn þátttakenda mikilvægi nýsköpunar og sjálfbærni á rekstur og innviði fyrirtækja og hæfni þátttakenda á að greina flöskuhálsa í eigin rekstri hafi aukist<br><br>Að hver þátttakandi hafi fengið raunhæfar tillögur til úrbóta byggðar á ítarlegum viðtölum, og uppbyggilegri gagnrýni annarra þátttakenda, ráðgjafa og sérfræðinga</td></tr>
<tr><td>Upphaf og lok verkefnis</td><td>Febrúar 2021- nóvember 2021</td></tr>
<tr><td>Heildarkostnaður<br>(pr. ár á verkefnatíma)</td><td>10.000.000</td></tr>
<tr><td>Framlag úr sóknaráætlun<br>(árið 2021 og á hverju ári eftir það, ef við á)</td><td>3.500.000</td></tr>
<tr><td>Mótframlag<br>(ef við á)</td><td>Aðrir samstarfsaðilar 6.500.000</td></tr>
<tr><td>Tengsl við aðrar opinberar áætlanir<br>(ef við á)</td><td>Svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins 2015 – 2040, sérstaklega leiðarljós 3, aukin samkeppnishæfni.</td></tr>
</table>

**ÁHERSLUVERKEFNI Höfuðborgarsvæðisins 2021 (til 2024)[7]**
**Tillögur sendar stýrihópi Stjórnarráðsins um byggðamál dags. 08.02.2021 br. 10.03.2021**

## Forvarnir á tímum covid - 19

| **Heiti verkefnisins** | Forvarnir á tímum covid - 19 |
|---|---|
| **Númer verkefnis[8]** | **004** |
| Markmið | Bæta líðan ungmenna á höfuðborgarsvæðinu. |
| Stutt verkefnalýsing<br>(mikilvægt er að verk- og kostnaðaráætlanir séu gerðar fyrir öll verkefni) | Verkefnið miðar að því að styðja við faglegt fræðslu-og forvarnarstarf og upplýsa og aðstoða ungmenni á tímum Covid 19. Verkefnið er mótað og framkvæmt hjá fagaðilum á höfuðborgarsvæðinu sem vinna fyrir ungt fólk á forsendum ungs fólks. |
| Málaflokkur<br>(tilgreinið málaflokk og undir hvaða ráðuneyti hann heyrir.) | Félags -og fjölskyldumál<br>Málefni barna og ungmenna<br>Félagsmálaráðuneytið |
| Framkvæmdaaðili | SSH |
| Samstarfsaðilar | Fagaðilar sem vinna að fræðslu, forvörnum og ráðgjöf fyrir ungt fólk á forsendum ungs fólk, mögulega. Píeta samtökin og Samfés sbr. sambærilegt verkefni á árinu 2020. |
| Tengsl við sóknaráætlun | Verkefnið er hluti af framfylgd sóknaráætlunar höfuðborgarsvæðisins 2020 – 2024 og fellur undir meginflokkinn „Velferð og samfélag“ og meginmarkmið „Auka heilsueflingu og forvarnir“ |
| Tengsl við heims-markmið Sameinuðu þjóðanna | 01 – engin fátækt<br>03 – heilsa og vellíðan<br>04 – menntun fyrir alla<br>05 – jafnrétti kynjanna |
| Árangursmælikvarðar | Hlutfall ungmenna sem meta andlega og líkamlega heilsu sína góða/mjög góða sbr. mælikvarða í Sóknaráætlun |
| Lokafurð<br>(hver verður lokaafurð verkefnisins, hver verður ávinningur samfélagsins?) | Áfangaskýrsla um aðgerðir og ávinning verkefnisins<br>Bætt líðan ungmenna með öflugri forvörnum. |
| Upphaf og lok verkefnis | Mars 2021 til 15. nóvember 2021 |
| Heildarkostnaður<br>(pr. ár á verkefnatíma) | 3.000.000 |

[7] Landshlutunum er í sjálfsvald sett til hvers langs tíma áhersluverkefni ná. Nái þau til lengri tíma en eins árs þá eru settir fram fyrirvarar um samþykkt fjárlaga hvers árs.
[8] Æskilegt er að verkefni beri raðnúmer sem helst óbreytt sé verkefnið framlengt eða að heiti þess breytist. Með því móti verði hægt að rekja feril einstakra verkefna frá ári til árs.

| | |
|---|---|
| Framlag úr sóknaráætlun<br>(árið 2021 og á hverju ári eftir það, ef við á) | 2.500.000 |
| Mótframlag<br>(ef við á) | 500.000 |
| Tengsl við aðrar opinberar áætlanir<br>(ef við á) | |

## ÁHERSLUVERKEFNI Höfuðborgarsvæðisins 2021 (til 2024)[9]
## Tillögur sendar stýrihópi Stjórnarráðsins um byggðamál dags. 08.02.2021 br. 10.03.2021

# Höfuðborgarsvæðið sem staðarvalkostur

| **Heiti verkefnisins** | **Höfuðborgarsvæðið sem staðarvalkostur Markaðssetning höfuðborgarsvæðisins (Location Reykjavik Capital Area)** |
|---|---|
| **Númer verkefnis[10]** | **006** |
| Markmið | Að kynna fyrir erlendum frumkvöðlum, fyrirtækjum, sérfræðingum stúdentum og öðrum hagsmunaðilum, höfuðborgarsvæðið sem vænlegan staðarvalkost, uppsprettu nýsköpunar og sjálfbærni og góðan stað til að búa á. |
| Stutt verkefnalýsing (mikilvægt er að verk- og kostnaðaráætlanir séu gerðar fyrir öll verkefni) | Megin áhersla er á miðlun efnis á vefnum: www.investinreykjavik.com. Að þar séu til staðar uppfærðar og hagnýtar upplýsingar um höfuðborgarsvæðiði, frumkvöðlaumhverfið, fyrirtæki, menntunarmöguleika, menningu, búsetu, tölfræði, lýðfræði og þjónustu sveitarfélaga, ásamt öðrum upplýsingum sem draga fram samkeppnishæfni og búsetukosti svæðisins. |
| Málaflokkur (tilgreinið málaflokk og undir hvaða ráðuneyti hann heyrir.) | Atvinnuvega -og nýsköpunarráðuneytið<br>Atvinnuþróun |
| Framkvæmdaaðili | Verkefnið er vistað hjá SSH. Verkefnastjóri fylgir verkefninu. |
| Samstarfsaðilar | Hagaðilar á höfuðborgarsvæðinu |
| Tengsl við sóknaráætlun | Verkefnið er hluti af framfylgd sóknaráætlunar höfuðborgarsvæðisins 2020 – 2024 og fellur undir meginflokkinn „atvinna og nýsköpun“ og meginmarkmið „nýsköpun“ |
| Tengsl við heims-markmið Sameinuðu þjóðanna | 08 – Góð atvinna og hagkvöxtur<br>09 – Nýsköpun og uppbygging<br>11 – Sjálfbærar borgir og samfélög<br>13 – Aðgerðir í loftlagsmálum |
| Árangursmælikvarðar | Mæling á notkun vefsins.<br><br>Verkefnið Location Reykjavik Capital Area fellur undir skilgreiningu almannadiplómatíu (public diplomacy) þ.e. miðlun upplýsinga til hagaðila erlendis, með það að markmiði að efla skilning og auka stuðning við hagsmuni Íslands í hnattrænum heimi. Þannig beita sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu sér fyrir samtali og miðlun upplýsinga til breiðs hóps fólks á sviði stjórnmála, atvinnulífs, vinnumarkaðar og menntastofnana. Einnig til skoðanamyndandi aðila og annarra sem málið varðar með það að markmiði að hafa áhrif á viðhorf til Íslands og höfðborgarsvæðisins. |

[9] Landshlutunum er í sjálfsvald sett til hvers langs tíma áhersluverkefni ná. Nái þau til lengri tíma en eins árs þá eru settir fram fyrirvarar um samþykkt fjárlaga hvers árs.
[10] Æskilegt er að verkefni beri raðnúmer sem helst óbreytt sé verkefnið framlengt eða að heiti þess breytist. Með því móti verði hægt að rekja feril einstakra verkefna frá ári til árs.

| | |
|---|---|
| Lokafurð<br>(hver verður lokaafurð verkefnisins, hver verður ávinningur samfélagsins?) | Upplýsingavefur www. investinreykjavik.com, sem felur í sér kynningu á höfuðborgarsvæðinu sem staðarvalkost og stöðuga miðlun uppfærðra upplýsinga frá fjölbreyttum upplýsingaveitum, m.a. þar sem samkeppnis- og nýsköpunarhæfni er mæld miðað við önnur borgarsvæðisvæði. |
| Upphaf og lok verkefnis | Janúar 2021 – desember 2021 |
| Heildarkostnaður<br>(pr. ár á verkefnatíma) | 5.000.000 |
| Framlag úr sóknaráætlun<br>(árið 2021 og á hverju ári eftir það, ef við á) | 4.000.000 |
| Mótframlag<br>(ef við á) | 1.000.000 |
| Tengsl við aðrar opinberar áætlanir<br>(ef við á) | |

**ÁHERSLUVERKEFNI Höfuðborgarsvæðisins 2021 (til 2024)[11]**
**Tillögur sendar stýrihópi Stjórnarráðsins um byggðamál dags. 08.02.2021 br. 10.03.2021**

## Bæta samstarf sveitarfélaganna við markmiðasetningu og utanumhald

| **Heiti verkefnisins** | Bæta samstarf sveitarfélaganna við markmiðasetningu og utanumhald |
|---|---|
| **Númer verkefnis[12]** | **008** |
| Markmið | Að setja fram í veflausn, tölfræðilegar upplýsingar um sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu. |
| Stutt verkefnalýsing (mikilvægt er að verk- og kostnaðaráætlanir séu gerðar fyrir öll verkefni) | Verkefnið miðar að því að setja fram upplýsingar um stöðu sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu s.s. í fjármálum, íbúaþróun, íbúasamsetningu o.fl. með aðgengilegum hætti á vef SSH. Einnig að setja upp lausn sýnir mælikvarða s.s. í sóknaráætlun og annari samanburðarfærði. |
| Málaflokkur (tilgreinið málaflokk og undir hvaða ráðuneyti hann heyrir.) | Samgöngu-og sveitarstjórnarráðuneytið. |
| Framkvæmdaaðili | SSH |
| Samstarfsaðilar | Upplýsingatæknideildir sveitarfélaganna. |
| Tengsl við sóknaráætlun | Verkefnið er hluti af framfylgd sóknaráætlunar höfuðborgarsvæðisins 2020 – 2024 og fellur undir meginflokkinn „Velferð og samfélag“ . Tenging = Bæta samstarf sveitarfélaganna við markmiðasetningu og utanumhald /Mæliborð sem sýnir samkeppnishæfni höfuðborgarsvæðisins í alþjóðlegum samanburði verði tilbúið árið 2022. |
| Tengsl við heims-markmið Sameinuðu þjóðanna | 12 – Sjálfbærar borgir og samfélög<br>17 – Samvinna um markmiðin<br>05 – jafnrétti kynjanna |
| Árangursmælikvarðar | Bæta samstarf sveitarfélaganna við markmiðasetningu og utanumhald |
| Lokafurð (hver verður lokaafurð verkefnisins, hver verður ávinningur samfélagsins?) | Veflausn, tölfræðilegar upplýsingar um sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu.<br>Aðgangur íbúa, fyrirtækja og sveitarfélaga verður sýnilegur og með betri hætti. |
| Upphaf og lok verkefnis | Mars 2021 og lok Desember 2021 |
| Heildarkostnaður (pr. ár á verkefnatíma) | 3.500.000 |

[11] Landshlutunum er í sjálfsvald sett til hvers langs tíma áhersluverkefni ná. Nái þau til lengri tíma en eins árs þá eru settir fram fyrirvarar um samþykkt fjárlaga hvers árs.
[12] Æskilegt er að verkefni beri raðnúmer sem helst óbreytt sé verkefnið framlengt eða að heiti þess breytist. Með því móti verði hægt að rekja feril einstakra verkefna frá ári til árs.

| | |
|---|---|
| Framlag úr sóknaráætlun<br>(árið 2021 og á hverju ári eftir það, ef við á) | 3.000.000 |
| Mótframlag<br>(ef við á) | 500.000 |
| Tengsl við aðrar opinberar áætlanir<br>(ef við á) | |

**ÁHERSLUVERKEFNI landshluti 2021 (til 2024)[13]**
**Tillögur sendar stýrihópi Stjórnarráðsins um byggðamál dags. 08.02.2021 br. 10.03.2021**

## Áfangastaða- og markaðsstofa höfuðborgarsvæðisins

| **Heiti verkefnisins** | **Nýsköpun og samvinna sveitarfélaga: Áfangastaða- og markaðsstofa höfuðborgarsvæðisins** |
|---|---|
| **Númer verkefnis[14]** | |
| Markmið | Hefja skoðun á fýsileika þess að stofna sérstaka áfangastaða- og markaðsstofu fyrir höfuðborgarsvæðið; Að efla samstarf sveitarfélaga og atvinnulífs um ferðamál á höfuðborgarsvæðinu |
| Stutt verkefnalýsing (mikilvægt er að verk- og kostnaðaráætlanir séu gerðar fyrir öll verkefni) | Verkefnið er að móta samstarf og skipulag um áfangastaða- og markaðsstofu fyrir allt höfuðborgarsvæðið með þátttöku stjórnvalda, sveitarfélaga, atvinnulífsins og annarra hagaðila eins og við á.<br><br>1. áfangi – Greining og ákvörðunartaka<br>Unnið verði með hagaðilum að því að móta og greina hvernig samstarfi skuli háttað um ferðamál á höfuðborgarsvæðinu. Stofnaður verður ráðgjafahópur frá hagðilum til stuðnings við verkefnið. Í framhaldinu verði teknar ákvarðanir um formið og undirbúningur og kynning á verkefninu hafinn.<br>2. áfangi – Undirbúningur að stofnun<br>Unnið verði með hagaðilum að stofnun, tilflutningi verkefna og fjármögnun á áfangastaðastofu til framtíðar. Markmiðið er að ný áfangastaðastofa hefji störf um mitt ár. |
| Málaflokkur (tilgreinið málaflokk og undir hvaða ráðuneyti hann heyrir.) | Nýsköpun og ferðamál<br>Atvinnuvega – og nýsköpunarráðneyti<br>- skrifstofa ferðamála og nýsköpunar |
| Framkvæmdaaðili | Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu; Ráðgjafi og/eða utanaðkomandi verkefnastjóri |
| Samstarfsaðilar | Öll sveitarfélögin, Ferðamálasamtök höfuðborgarsvæðisins, Samtök ferðaþjónustunnar, Samtök verslunar og þjónustu, Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið og Ferðamálastofa. |
| Tengsl við sóknaráætlun | Verkefnið er hluti af framfylgd sóknaráætlunar höfuðborgarsvæðisins 2020 – 2024 og fellur undir meginflokkinn „atvinna og nýsköpun“ og megináherslur um „nýsköpun“ að skoða tækifæri höfuðborgarsvæðisins í nýsköpun ásamt „samvinnu sveitarfélaga“ um að efla svæðasamvinnu og samstarf á höfuðborgarsvæðinu. |
| Tengsl við heims-markmið Sameinuðu þjóðanna | 08 – Góð atvinna og hagkvöxtur<br>09 – Nýsköpun og uppbygging<br>11 - Sjálfbærar borgir og samfélög<br>13 – Aðgerðir í loftlagsmálum |

[13] Landshlutunum er í sjálfsvald sett til hvers langs tíma áhersluverkefni ná. Nái þau til lengri tíma en eins árs þá eru settir fram fyrirvarar um samþykkt fjárlaga hvers árs.
[14] Æskilegt er að verkefni beri raðnúmer sem helst óbreytt sé verkefnið framlengt eða að heiti þess breytist. Með því móti verði hægt að rekja feril einstakra verkefna frá ári til árs.

| | |
|---|---|
| Árangursmælikvarðar | - Stofnun áfangastaðastofu um mitt árið 2021<br>- Aukið samstarf hagaðila ferðaþjónustu á höfuðborgarsvæðinu |
| Lokafurð<br>(hver verður lokaafurð verkefnisins, hver verður ávinningur samfélagsins?) | *Stofnun áfangastaðastofu og samstarf um ferðamál á höfuðborgarsvæðinu:* að komið sé af stað öflugu samstarfi hagaðila á höfuðborgarsvæðinu með stofnun áfangastaðastofu sem styður við þróun áfangastaðarins í átt að sjálfbærni og aukinnar samkeppnishæfni - bæði innanlands og alþjóðlega. Samstarf og fjármögnun verkefnisins sé tryggð til næstu ára með stjórnvöldum, sveitarfélögum, atvinnulífinu og öðrum hagaðilum eins og við á. |
| Upphaf og lok verkefnis | Febrúar – ágúst 2021 |
| Heildarkostnaður<br>(pr. ár á verkefnatíma) | **2021: 9.500.000 kr.**<br>1. áfangi: Greining og ákvörðunartaka: 5.000.000 kr.<br>2. áfangi: Undirbúningur að stofnun: 4.500.000 kr. |
| Framlag úr sóknaráætlun<br>(árið 2021 og á hverju ári eftir það, ef við á) | **2021: 8.500.000 kr.** |
| Mótframlag<br>(ef við á) | **1.000.000 kr.** |
| Tengsl við aðrar opinberar áætlanir<br>(ef við á) | *Ferðamálastefna 2030*<br>Stofnun áfangastaðastofu fyrir höfuðborgarsvæðisins styður við ferðamálastefnu og verkefni atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins um stofnun áfangastaðastofa í öllum landshlutum í samstarfi við samtök sveitarfélaga.<br><br>Ferðamálastefna Reykjavíkurborgar 2020-2025 |